borgarmál borgarmál borgarmál borgarmál borgarmál borgar

Alfreð Þorsteinsson krefst svara um mál fv. borgarlögmanns

Hafa margir háttsettir borgarstarfsmenn sjóði undir höndum?

JG — Eins og frá hefur verið skýrt hér í blaðinu kvaddi borgarstjórinn í Reykjavík Birgir Ísl. Gunnarsson, sér hljóðs utan dagskrár við upphaf fundar í borgarstjórn síðastliðinn fimmtudag og ræddi borgarstjóri m.a. um blaðaskrif er snerta borgarstjórn Reykjavíkur, það er að segja um bílastæði við Regnbogann, hið nýja kvikmyndahús við Hverfisgötu.

Borgarstjóri hefur ekki fengið bréfið

Þá vék borgarstjóri að skrifum um sérstakt bréf, sem fullyrt hefur verið að borgaryfirvöld hafi stungið undir stól: bréfi sem varðar stórt svikamál sem varðað geti eignir upp á hundruð milljóna króna. Um þetta sagði borgarstjóri m.a. orðrétt.

— Ég verð að viðurkenna að enginn okkar sem með dagskrá borgarráðs höfum með að gera, könnumst við neitt slíkt bréf.

Allar tilraunir til þess að fá frekari skýringar á því hafa reynzt árangurslausar.

— Við töldum reyndar hugsanlegt að hér væri um að ræða eitt bréf sem mun hafa borizt inn á fund borgarráðs á þriðjudaginn fyrir rúmri viku síðan en þar var um að ræða bréfritara sem er eigandi húseigna í Grjótaþorpi, sagði borgarstjóri.


Síðan greindi borgarstjóri frá því að nefndur húseigandi hefði ekki kannazt við að um þetta bréf gæti verið að ræða enda var gengið frá erindi hans í samræmi við bréfið á fundi borgarráðs.

Alfreð Þorsteinsson um mál Páls Líndal


Að lokinni ræðu borgarstjóra kvaddi Alfreð Þorsteinsson sér hljóðs og gagnrýndi hann harðlega vinnubrögð borgarendurskoðanda og borgarinnar í máli Páls Líndal fv. borgarlögmanns.

Í ræðu sinni beindi Alfreð nokkrum fyrirspurnum til borgarstjóra og sagði þá m.a. á þessa leið:

„Ástæðan til þess að ég kveð mér nú hljóðs eru skrif sem birzt hafa í dagblöðunum undanfarið en þar er átt við blaðaskrif Páls Líndal fyrrverandi borgarlögmanns," sagði Alfreð Þorsteinsson orðrétt. Síðan sagði hann að eðlilegt hefði verið að loka fundinum meðan þetta mál væri til umræðu en þar eð borgarstjóri hefði hafið umræðuna án þess að gera slíka kröfu sæi hann ekki ástæðu til



Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi.



Birgir Ísl. Gunnarsson, borgarstjóri.



Páll Líndal.

þess að fara fram á að fundinum yrði lokað.

Þá kvaðst ræðumaður taka það skýrt fram að hann ætlaði ekki hér og nú að kveða upp neinn dóm yfir Páli Líndal, hvorki til sýknu, né sektar enda ekki í aðstöðu til slíkra hluta, en hins vegar virtist málsmeðferðin öll þess eðlis að hún krefjist svara af hálfu borgarstjóra, að borgarfulltrúum verði gerð grein fyrir vissum atriðum þessa máls, áður en lengra er haldið.

Síðan beindi ræðumaður nokkrum spurningum til borgarstjóra: en tók það fram að hann hefði hinn sama dag reynt að ná tali af borgarstjóra, bæði fyrir hádegi og síðdegis og það hefði ekki tekizt.

Spurningarnar voru þessar:

„Ég vil þá í fyrsta lagi beina þeirri spurningu til borgarstjóra hvort rétt sé að borgarendurskoðandi hafi nánast þrotizt inn í læstar hirzlur fyrrverandi borgarlögmanns, eins og borgarlögmaður getur um í bréfi til borgarráðs og hvort nokkur heimild hafi verið gefin til þess.

Hafi þetta verið gert þá vil ég spyrja, hvort þetta hafi verið gert með vilja og vitund borgarstjóra.

Í framhaldi af því má þá spyrja: Við hvaða dómsúrskurð eða lagaheimild var stuðzt?"

Við þessu þurfa að fást skýr svör, því að frá mínum bæjardyrum séð, er það engin afsökun fyrir borgarstjóra eða borgarendurskoðanda að brjóta lög þrátt fyrir meint misferli fv. borgarlögmanns.

Ég spyr ekki um það, eins og Páll Líndal hvað hafi verið tekið úr skrifborði hans en ég spyr þó eins og hann, telur borgarendurskoðandi sig hafa heimild til þess að ganga að læstum skrifborðum annarra borgarstarfsmanna á þennan hátt?"

Hver á að rannsaka svona mál?

Þá vék Alfreð Þorsteinsson að upplýsingum til blaða um þetta mál og spurði hvort það væri með samþykki borgarstjóra að blöðunum væru gefnar upplýsingar um þetta tiltekna mál á þessu stigi.

Þá kvaðst ræðumaður gjarnan vilja vita um álit borgarstjórans á þeirri staðreynd að mál borgarlögmanns nær sjö ár aftur í tímann og hefur þannig verið unnt að stunda fjártöku án vitundar borgarendurskoðanda í mörg ár.

Þá vék ræðumaður að ýmsum öðrum embættismönnum, sem hefðu sér innheimtur og sjóði undir höndum og taldi að setja þyrfti nýjar reglur um meðferð þeirra.

Að lokum varpaði ræðumaður fram þeirri hugmynd hvort ekki væri réttara að fela utanaðkomandi aðila rannsókn þessa máls (mál fv. borgarlögm.) eins og til dæmis hefði verið gert í Landsbankamálinu svonefnda. Að einhverjir aðrir aðilar en „hin sljóa borgarendurskoðun" annist rannsókn málsins því hann (ræðumaður) fái ekki betur séð en að borgarendurskoðandi og starfsmenn hans þurfi þess þegar þar að kemur.

Þá fjallaði Alfreð Þorsteinsson nokkuð um ábyrgð æðstu stjórnenda borgarinnar, sem virtust aldrei verða fyrir neinu aðkasti hversu alvarleg óreiðumál sem kæmu upp, en á hinn bóginn væri ráðizt þeim mun harkalegar á starfsmenn þeirra sem brytu af sér. Taldi hann ábyrgð þessara manna vera nánast enga, þótt oft væru framdar ólöglegar fjártökur árum saman í stofnunum sem þeir ættu að stjórna og hafa eftirlit með.

Þá taldi hann málsmeðferð alla í máli fv. borgarlögmanns og reyndar í fleiri skyldum málum, vera með hæpnasta móti.

Borgarstjóri svarar

Borgarstjóri svaraði ekki efnislega hinum ýmsu spurningum Alfreðs Þorsteinssonar og hann dró í efa að upplýsingar blaðanna væru komnar frá borgarendurskoðanda, sem hafði sagt borgarstjóra að hann hefði ekki viðhaft þau orð sem ákveðið blað hafði eftir honum um málið. Kvað borgarstjóri alla þekkja áhuga fjölmiðla á málum er vörðuðu misferli í opinberu starfi og því væri talsverður þrýstingur frá blöðunum sem vildu fá upplýsingar, þótt mál séu enn á rannsóknarstigi.

Borgarstjóri svaraði ekki beint um viðhorf sitt til þeirra atburða er endurskoðendur sprengdu upp lása í skrifborði Páls Líndal (en það var gert áður en afsögn fv. borgarlögmanns tók gildi sbr. bréf Páls Líndal til blaðsins, sl. fimmtudag. Telur fv. borgarlögmaður skrifborðsbrotið hafa gerzt daginn áður en afsögn hans tók gildi.)

Á hinn bóginn lýsti borgarstjóri sig samþykkan þeirri málsmeðferð sem viðhöfð er í máli fv. borgarlögmanns. Taldi hann eðlilegt að endurskoðandi borgarinnar og starfslið hans sæju um þennan þátt rannsóknarinnar. Benti borgarstjórinn einnig á að auk faglegra endurskoðenda þá væru einnig pólitískir endurskoðendur kjörnir af borgarstjórn. Þar ættu minnihlutaflokkarnir sína fulltrúa sem fylgzt gætu með rannsókn málsins. Hefði borgarendurskoðandi haldið átta fundi með hinum kjörnu endurskoðendum um mál fv. borgarlögmanns.

Þá kvað borgarstjóri borgarráð fylgjast með þessu máli og verið væri að kanna ýmsa þætti þess vegna borgarráðs og kvaðst borgarstjóri búast við því að skýrsla bærist um málið frá borgarendurskoðanda fyrir næsta fund í borgarráði og yrði því að bíða með frekari upplýsingar, þar til skýrslan hefði borizt.

JG

Flugleiðir:

Farþegum fjölgaði í fyrra

HEI — Tölur liggja nú fyrir um flutninga Flugleiða þ.e. Flugfélags Íslands og Loftleiða og International Air Bahama fyrir árið 1977. Í áætlunarflugi fluttu flugvélar félaganna 689.090 farþega á móti 660.809 árið á undan og er það aukning um 4,3%.

Í áætlunarflugi milli Íslands og Evrópulanda varð markverð aukning. voru fluttir 142.155 farþegar sem er 11,2% aukning frá fyrra ári. Í flutningum yfir Norður-Atlantshaf fækkaði farþegum nokkuð en þá leið voru nú fluttir 239.816 sem er fækkun um 5,6%. Endurspeglar þetta hina hörðu samkeppni er nú ríkir á Norður-Atlantshafsflugleiðum og sem nú nálgast vandræðaástand að dómi sérfróðra manna. Farþegar með International Air Bahama milli Nassau og Luxemborgar voru 71.725 og hafði fækkað um 1,8%. Vöruflutningar með þotum Flugleiða milli landa jukust verulega. Flutt voru 6.651 tonn af vöru a móti 5.189 tonnum árið áður svo aukningin er 28%.

Farþegum í innanlandsflugi fjölgaði verulega á árinu. Voru þeir 235.394 og hafði fjölgað um tæp 30 þúsund frá fyrra ári. Er þetta í fyrsta skipti sem innanlandsfarþegar Flugfélagsins fara fram úr íbúatölu landsins. Vöruflutningar innanlands námu 4.152 lestum og höfðu minnkað um 4,5% frá fyrra ári.

Árið 1977 var metár í leiguflugi. Í pílagrímaflugi Loftleiða til og frá Jeddah í Saudi-Arabíu voru fluttir 30.994 farþegar í leiguflugi International Air Bahama 10.506 farþegar og í Sólarlandaferðum, svo og leiguflugum milli Mið-Evrópu og Íslands, aðallega með Flugfélagi Íslands voru fluttir 31.805 farþegar. Farþegar í leiguflugi urðu því 73.305 og hafði fjölgað um rúman þriðjung.

Alls voru því farþegar 762.395 og aukning milli ára 6,6% þrátt fyrir um tveggja vikna stöðvun á flugsamgöngum í október s.l.



JB — Ómar Skúlason myndlistarmaður opnar sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum laugardaginn fjórða febrúar. Þetta er fyrsta einkasýning Ómars, en áður hefur hann tekið þátt í nokkrum samsýningum, m.a. hjá FÍM. Að þessu sinni sýnir hann fimmtíu og sex myndir unnar með blandaðri tækni, eru nokkrar teikningar svo og myndir unnar með sprautu og skapalóni. Mun sýningin standa til fimmtánda febrúar. Tímamynd: Róbert.

Nýbyggingar í Reykjavík

Um síðustu áramót voru 1250 íbúðir í smíðum. Þar af voru fokheldar eða meira 652 íbúðir, en aðrar á mismunandi byggingastigum.

Á árinu 1977 voru hafnar byggingar á 478 nýjum íbúðum og lokið var við byggingu á 737 íbúðum en það er 176 íbúðum fleira en árið 1976.

Mest var byggt af 3ja og 4ja herbergja íbúðum en meðalstærð nýbyggðra íbúða var ca. 393 rúmmetrar en það er 4 rúmmetrum minna en árið áður.

Alls voru byggingar sem lokið var við á árinu samtals 677.994 rúmmetrar og var skipting þeirra milli byggingarefna sem hér segir:

	rúmmetrar
Úr steinsteypu	650.154.-
Úr timbri	8.594.-
Úr stáli	19.246.-

eða eins og áður segir 677.994 rúmmetrar en það er 43% aukning frá árinu áður.